

Farartæki - bátur

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að kynna nemendur fyrir mismunandi ferðamáta og farartækjum, efnisvali og viðarnytjum. Æfa tálgun, heflun og fleiri þáttum smíðinnar. Verkefnið þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Samþætting, smíði, list og verkgreinar auk samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði og lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Viðarkubbur er sóttur, annað hvort ferskt efni í skóg/efnisbanka eða þurrt. Byrjað er á að saga bút af grein sem ákvarðar lengd báts. Viðurinn er klofinn í tvennt með exi. Greinar sem standa út úr greininni geta auðveldlega fengið að halda sér að hluta þar sem það á við en aðrar teknar með klippum eða sög alveg við greinina. Ef gera á árabát eru teiknaðar útlínur þess svæðis sem hola á viðarkubbinn að innan. Ef gera á flutningaskip er hægt að teikna útlínur og hola það svæði sem ætti að vera lestin. Þá er kubburinn sagaður til í endanna eftir því um hvora tegundina er að ræða. Árabátur er bæði með stefni og skut í spíss og því gott að saga af báðum endum. Flutningaskip er hins vegar aðeins í spíss að framan í stefni, því þarf aðeins að saga í spíss þar. Pússa. Þegar kubburinn er holaður að innan er gott að kennari aðstoði við að skera þvert á viðaræðar á endunum með sporjárnri eða útskurðarjárnri svo minni hætta sé á því að nemendur skeri eða tálgi út úr viðnum. Best er að nota útskurðarjárn eða holjárn við að hola bátinn að innan. Þegar búið er að hola viðinn er gott að pússa vel að innan áður en haldið er lengra. Ef búa á til flutningaskip er sagaður aukabútur fyrir stýrishús og það límt og skrúfað á kubbin. Þá er hægt að útbúa hlera fyrir lestaropið með litlum tilkostnaði. Árabáturinn getur verið með siglutré með efnisbút fyrir segl, árum úr grönnum greinum og sæti fyrir ræðarana. Brennimerkja og skreyta áður en yfirborð hlutarins er meðhöndlað.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gott er að búa nemendur undir verkefnið með stuttri kynningu á farartækjum: Hvaða farartæki þekkjum við? Hvernig virka þau og hvað knýr þau áfram? Ferðamáti almennt, mengun, umhverfisþættir, sjálfbærni o.fl.

Sög, tálguhnífur, handhefill, sandpappír, brennipenni, grannar greinar, naglar eða skrúfur, útskurðarjárn, sporjárn, holjárn. Lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Nota má birki eða tegundir af víðiætt.

Efnið má vera 5-10 cm á þykkt og lengdin ákvarðast af stærð bátsins eða skipsins.